# Þriðjudagur 1. ágúst



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Freddi og félagar (22)** (Ferdy). Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.15 **Ævintýri Nikka (5)** (Adventures of Niko). Breskur myndaflokkur fyrir börn í sex þáttum. Munaðarlaus, grískur piltur býr hjá fátækum ættingjum sínum og neytir ýmissa bragða til þess að komast að heiman. Þýðandi og sögumaður Guðni Kolbeinsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Magni mús** (Mighty Mouse). Bandarísk teiknimynd.
20.45 **Blátt blóð** (Blue Blood). Spennumyndaflokkur gerður í samvinnu bandarískra og evrópskra sjónvarpsstöðva. Aðalhlutverk Albert Fortell. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
21.40 **Nýjasta tækni og vísindi.** Umsjón Sigurður Richter.
22.05 **Leikstjórinn Ingmar Bergman** – fyrri hluti: Breskur heimildarþáttur í tveimur hlutum. Í þessum þætti er aðallega fjallað um á hvern hátt einkalíf Bergmans endurspeglast í verkum hans. M.a. er leitað fanga í kvikmyndum hans, endurminningum og einkasafni leikstjórans. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Bylmingur.** Tónlistarþáttur.
18.00 **Elsku Hobo.** Framhaldsmynd fyrir unga sem aldna um stóra fallega hundinn Hobo og ævintýri hans.
18.25 **Íslandsmótið í knattspyrnu.** Umsjón Heimir Karlsson.
19.19 **19:19.**
20.00 **Alf á Melmac.** Einstök teiknimynd með íslensku tali fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Visa-sport.** Léttur og skemmtilegur, íþróttaþáttur með svipmyndum frá öllum heimshornum. Umsjón Heimir Karlsson.
21.30 **Óvænt endalok.** Tales of the Unexpected. Spennumyndaflokkur sem alltf hefur óvænt endalok.
22.00 **Sakfelld: Saga móður.** Convicted: A Mother's Story. Leikkonan góðkunna, Ann Jillian, fer með hlutverk Billie Nickerson, tveggja barna móður sem lendir í fangelsi. Unnusti hennar telur hana á að stela tíu þúsund dollurum frá fyrirtækinu sem hún vinnur hjá. Þessa peninga notar hún svo til að fjárfesta í viðskiptum hans ásamt fögrum loforðum um að hún fái þessi peninga margfalt til baka. En tíminn líður og ekkert bólar á endurgreiðslum frá unnustanum. Hún er sótt til saka og fundin sek um þjófnaðinn. Fangelsi fyrir hana þýðir aðskilnað frá börnunum hennar tveimur. Dóttir Billie fer til systur hennar en sonur hennar fer á fósturheimili. Sjálfri finnst Billie þessi aðskilnaður miklu meiri refsing en sjálf fangelsisvistin. Þegar hún hefur afplánað fangelsisdóminn þarf hún að berjast fyrir því að fá börnin aftur til sín, endurreisa heimilið sitt og losa sig við unnustann. Fred Savage sem við þekkjum út Bernskubrekum fer einnig með eitt aðalhlutverka í þessari mynd. Aðalhlutverk Ann Jillian, Kiel Martin, Gloria Loring og Fred Savage.
23.40 **Travis McGee.** Leikarinn góðkunni Sam Elliott fer hér mem hlutverk hins snjalla einkaspæjara Travis McGee. Gamall vinur hans er talin hafa verið valdur að bátslysi, sem hann man ekkert eftir. Aðalhlutverk Sam Elliott, Gene Evans, Barry Gorbin og Richard Farnsworth.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** með Edward Frederiksen.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (6.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Að vera með barni. Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson byrjar lesturinn.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Þórð Hafliðason sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Með mannabein í maganum.** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Suk og Saint-Sans. Serenaða fyrir strengi op. 6 eftir Josef Suk. Kammersveit Stuttgartborgar leikur. Píanókonsert nr. 4 op. 44 eftir Saint-Sans. Pascal Rogé leikur ásamt Sinfóníuhljómsveit Lundúna.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (6.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Söngur og píanó** – Wolf, Mozart, Schumann og Tubin.
21.00 **Að lifa í trú.** Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir. (Endurtekinn úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)
21.30 **Útvarpssagan:** Sæfarinn sem sigraði Ísland. Þáttur um Jörund hundadagakonung eftir Sverri Kristjánsson. Eysteinn Þorvaldsson les (5.)
22.00 **Fréttir.** .
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Ráðgátan Van Dyke eftir Francis Durbridge. Framhaldsleikrit í átta þáttum. Þriðji þáttur: Hr. Philip Droste. Þýðandi: Elías Mar. Leikstjóri: Jónas Jónasson. Leikendur: Ævar Kvaran, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Flosi Ólafsson, Gestur Pálsson, Róbert Arnfinnsson, Lárus Pálsson, Klemenz Jónsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Sigurður Kristinsson, Haraldur Björnsson, Baidvin Halldórsson og Ragnheiður Heiðreksdóttir. (Áður útvarpað 1963.)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslensk samtímatónverk að þessu sinni Konsertkantötu Guðmundar Hafsteinssonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Auður Haralds talar frá Róm. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu, 1. deild karla. Íþróttafréttamenn lýsa og fylgjast með leikjum; ÍBK-Fram, KA-Þórs og Fylkis-KR.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.45.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.45.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg tónlist í klukkustund.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Strákurinn er kominn í stuttbuxur.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgunhress í meira lagi. Fréttir kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 11.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Hádegisverðarpottur Stjörnunnar og Hard rock, Bibba og fleira. Bibba í heimsreisu kl. 10.45.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Hlustendur láta í sér heyra. Bibba í heimsreisu kl. 17.45.
19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins með ný lög úr öllum áttum og óskalög hlustenda.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót útvarp FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.30 **Rótartónar.**
13.30 **Kvennaútvarpið.** E.
14.30 **Laust.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Tilraun.** Sara, Kata og Sara leika af fingrum fram á grammófón.
18.30 **Mormónar**
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
21.00 **Goðsögnin um G.G.Gunn.** Tónlist, leikþættir, sögur o.fl. á vegum Gísla Þórs Gunnarssonar.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Veröld Frank Bough's.** Fræðsluþáttur.
19.30 **Adam at 6 am.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Gemini Man.** Spennumyndaflokkur.

## SKY MOVIES

13.00 **Aurora Encounter.**
15.00 **Goldwing.**
17.00 **The Last Giraffe.**
18.40 **All About Eve.**
21.00 **The Holcroft Covenant.**
23.00 **Angel.**
00.35 **The Hitchhiker.**
01.05 **Visiting Hours.**
03.00 **The Holcroft Covenant.**

## EUROSPORT

9.30 **Heimsleikar.**
10.30 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
11.30 **Alþjóðleg hestasýning.**
13.30 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðvurði liðinnar viku.
14.30 **Tennis.** Davis Cup.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
16.00 **Heimsleikar.** Ýmsar íþróttir.
17.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðvurði liðinnar viku.
18.00 **Alþjóðleg hestasýning.**
19.00 **Tennis.** Mercedes Cup í Stuttgart.
20.00 **Rugby.** Nýja Sjáland gegn Argentínu.
21.00 **Kappakstur.** Grand Prix í Þýskalandi.
22.00 **Heimsleikar.** Ýmsar íþróttir.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **Tracking.** Tónlist og viðtöl.
17.30 **Teachers Only.**
18.00 **Íþróttir.**
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Íþróttir.** Breska knattspyrnan.
21.00 **Körfubolti. Úrslitakeppni í NBA.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Rás 2 kl. 17.00:

# Auður Haralds í Róm

Sagan segir að það hafi verið ólán Ítala þegar Auður Haralds flutti til Rómar og hóf að segja frá daglegu lífi þjóðarinnar í útvarpi í öðru landi norður undir heimskautsbaugi.

Það eru titrandi bylgjur sem berast frá heimahljóðveri Auðar í Róm þar sem hún situr og hlífir engum. Með höstum rómi færir hún fróðleik um daglegt líf þjóðarinnar blóðheitu sem eignað hefur sér sólina og syngur "Ó sóle míó".



**Ítalska póstþjónustan hefur fengið það óþvegið í pistlum Auðar.**

Einni ítalskri stofnun hefur verið meiri gaumur gefinn en öðrum í þáttum hinnar góðkunnu skáldkonu. Ekki er það mafían, ekki heldur ítalska læknamafían, heldur ítalska póstþjónustan sem fengið hefur það óþvegið í pistlum Auðar.

-gh

### Rás 1 kl. 22.30:

# Ráðgátan Van Dyke

Þetta er þriðji þátturinn í sakamálaleikritinu Ráðgátan Van Dyke eftir Francis Durbridge í þýðingu Elíasar Mar. Leikritið er í átta þáttum og var frumflutt í útvarpinu árið 1963. Leikstjóri er Jónas Jónasson.

Þessi þáttur nefnist Hr. Philip Droste. Queenie, vinkona barnfóstrunnar Millicent, hefur verið myrt á brautarstöðinni í Marlow. Temple-hjónin fara þangað til að rannsaka málið. Á hótelinu hitta þau leynilögreglumanninn Digby sem býr þar undir fölsku nafni. Hann telur að Queenie hafi ætlað að hitta mann að nafni Shelly sem rekur hjálparmiðlunina sem Millicent var skráð hjá. Um nóttina finnur Temple leynilögreglumanninn Digby myrtan í herbergi hans. Í ljós kemur að hann var ekki sá sem hann sagðist vera.

Þegar Temple-hjónin koma til London er skotið á bíl þeirra. Skömmu síðar birtast móðir barnsins, frú Desmond, og vinur hennar, Terry Palmer. Barnið er komið í leitirnar.

Helstu leikendur í þriðja þætti eru Ævar R. Kvaran, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Gestur Pálsson og Baldvin Halldórsson.

-gh



**Ingmar Bergman við leikstjórn á yngri árum.**

### Sjónvarpið kl. 22.05:

# Leikstjórinn Ingmar Bergman

Sjónvarpið sýnir tvær heimildarmyndir um sænska kvikmyndaleikstjórann Ingmar Bergman. Þessi frægasti kvikmyndaleikstjóri Svía hefur gert margar af merkustu kvikmyndum heims á síðustu áratugum. En margar þessara mynda hafa einnig verið gerðar af litlum samstarfshópi hæfileikafólks sem fylgt hefur Bergman í gegnum árin.

Heimildarmyndirnar tvær segja bæði frá starfi þessa fólks og leikstjórans sjálfs. Fyrri myndin fjallar um tengslin milli vinnu og einkalífs Bergmans. Þar er notast við ýmislegt úr minningum listamannsins, hluta úr gömlum myndum og gamlar tökur af honum sjálfum við störf.

Í seinni myndinni, sem verður á dagskrá að viku liðinni, eru viðtöl við fólk sem tengst hefur Bergman náið í gegnum samstarf og einkalíf. Má þar nefna Liv Ullman, Max von Sydow, Harriet Andersson, Bibi Andersson, Sven Nykvist og Erland Josephson. Þessir félagar Bergmans á starfsferli hans varpa ljósi á hinar ýmsu hliðar kvikmyndagerðar leikstjórans í gegnum tíðina.

-gh